

## Niðurstöður viðhorfskönnunar

### YNGRI nemenda í Borgarholtsskóla í október 2010

Könnunin var framkvæmd í síðustu tveimur vikunum í október 2010.

#### **Upplýsingar um þá sem svöruðu: YNGRI NEMENDUR**

Fjöldi: 171 nemendur

Svarhlutfall: 67%.

- Tveir þriðju (65%) svarenda eru strákar
- 16 ára (90%)
- Bóknámsbrautir (34%), lista- og fjölmiðlasvið (12%), málm- og véltækisvið (2%), biliðngreinar (7%), verslunar-/félagsliðabraut (5%) og **almenn námsbraut (40%)**
- Langflestir (95%) hafa ekki verið í öðrum framhaldsskólum.
- Flestir búa í Reykjavík (74%), þar af 55% í Grafarvogi. 18% búa í nágrenni Reykjavíkur.
- Flestir búa hjá foreldrum (94%).

#### **Helstu niðurstöður varðandi viðhorf og líðan í skólanum í október 2010**

- Langflestir (90%) eru **ánægðir með skólann** og 91% **líður vel** í skólanum. 74% finnst viðhorf nemenda til skólans jákvætt en einungis 2% eru ósammála.
- Stórum hluta nemenda (72%) finnst **kennarar almennt sanngjarnir og jákvæðir** og **samskipti kennara og nemenda** góð. 6% eru ósammála því að kennarar séu almennt sanngjarnir og jákvæðir en í fyrra voru það 12%. Aðeins fleiri, eða 74%, eru í góðu sambandi við **umsjónarkennarann** og er það aðeins betra en í fyrra (70%).
- **Meiri friður/vinnuandi** virðist vera í kennslustundum nú samanborið við árið 2009. 68% segja að það sé vinnufriður en árið 2009 var talan 57%. 9% eru ósammála á móti 16% í 2009. Þá var skortur á vinnufriði tilefni til umbóta og hér hefur eitthvað gott greinilega gerst.
- 14% nemenda hafa orðið varar við **einelti** og 7% eða 11 einstaklingar telja sig verða fyrir einelti.
- 19% nýnema eru ósammála því að **mætingakerfi** skólans sé gott en 56% finnst það vera gott.
- Nemendur vilja **standa sig vel** (93%).
- Fleiri nýnemum (61% á móti 53% 2009) finnst mikilvægt að nemendur haldi áfram **námi eftir framhaldsskóla** en 33% svara hvorki/né og hafa þeir nemendur líklegast ekki myndað sér skoðun varðandi þetta enda eru þeir rétt að byrja framhaldsskólanám. 69% segjast sjálf stefna að því að halda áfram námi eftir framhaldsskóla. Árið 2009 sögðust 55% stefna að því að halda áfram námi.
- 80% finnst skólinn leggja áherslu á góðan námsárangur en 2% eru frekar ósammála.

- Þegar spurt er út í **félagsandann og þátttöku í félagsstafi** á vegum nemendafélagsins virðast yngri nemendur vera aðeins virkari nú en 2009. 80% finnst félagsandinn góður og 57% taka virkan þátt í félagsstarfi á vegum nemendafélagsins. 17% taka ekki þátt. Í fyrra voru margar athugasemdir í reit aftast í könnuninni þar sem óánægja með félagslífið í skólanum kom fram. Svo er ekki núna.
- 62% nýnema finnst þeir fá **hrós** þegar vel gengur en 11% finnst það ekki.
- 79% segjast geta fengið **námsaðstoð í skólanum** þegar þau þurfa á því að halda en 5% finnst það ekki. Svipað er að segja um aðgang nemenda að ráðgjöf í skólanum. 72% finnst þau geta fengið ráðgjöf en 4% finnst það ekki. 84% segja aðstöðu til náms í skólanum vera góða og einungis 2% eru þessu ósammála.
- Margir eru ánægðir með þjónustu **bókasafnsins** (78%), **netþjónustu** (80%), þjónustu umsjónarmanna (77%) og **þrif** í skólanum (83%).
- 66% finnst **mötuneytið** gott en 7% ekki. Fleirum fannst það gott 2009 eða 72%.
- 69% finnst **umgengni nemenda** yfirleitt góð en í fyrra fannst 76% umgengnin góð.
- Stór hluti nemenda (43%) er ósammála því að **reykingar** nemenda við skólann séu óviðeigandi. 20% finnst það hins vegar óviðeigandi að nemendur reyki við skólann. Í fyrra fannst 27% það óviðeigandi. Margar athugasemdir varðandi bann á munntóbaki voru skráðar. Við höfum gert átak í reykningamálum. Virkar það öfugt á nemendur???
- Viðhorf gagnvart **áfengisneyslu** á skemmtunum á vegum skólans hefur breyst aðeins í jákvæða átt miðað við í fyrra. 39% (á móti 44% 2009) finnst það allt í lagi að áfengi sé neytt á skemmtunum en 29% (á móti 22% 2009) finnst áfengisneysla óviðeigandi á skólaskemmtunum.
- **Fjármál** eru áhyggjuefni hjá 37% nýnema og 29% þeirra finnst **vinna** þeirra bitna á námsárangrinum. Mun fleiri finna fyrir **kviða** í ár heldur en í fyrra eða 31% á móti 21% 2009. Svo hafa 28% nýnema nýlega hugsað um að **hætta í skólanum**.
- 50% finnst þau hafa fengið góða **kynningu á skólanum áður** en þau sóttu um skólavist en 23% finnst það ekki. Í fyrra voru fleiri nemendur ánægðir með kynninguna (59%) og færri voru ósáttir við hana (15%). Fleiri, eða 72%, eru ánægðir með **nýnemamóttökuna** en (6%) óánægðir.
- Í ár eru nemendur mun **ánægðari með busadaginn** heldur en í fyrra. 74% á móti 41% í fyrra voru ánægðir og einungis 8% óánægðir á móti 30% í fyrra.
- 60% finnst gott að **foreldrar fylgist með** hvernig þeim gengur í skólanum en 14% finnst það ekki gott.

- 53% eru ánægð með þjónustu **skrifstofu** skólans en 14% eru það ekki. Svipað er að segja um viðmót starfsfólks á skrifstofu; 52% eru ánægð og 15% óánægð. Helmingi nýnema finnst auðvelt að ná símasambandi við skrifstofuna en 6% finnst það ekki. 13% finnst að skrifstofan leysi ekki þau mál sem til hennar er leitað með en 48% finnst það.

#### **Það sem virkar best sem kynning fyrir nýja nemendur:**

1. **Kynningarmyndbönd (20%)**
2. **Félagslífið (17%)**
3. **Virk heimasíða (14%)**

#### **Mjög jákvætt viðhorf:**

- Langflestir (90%) eru **ánægðir með skólann** og 91% **líður vel** í skólanum.
- Nemendur vilja **standa sig vel** (93%).
- MJög mörgum finnst að skólinn leggi áherslu á **góðan námsárangur** (80%).
- Góður **félagsandi** (80%).
- MJög margir eru ánægðir með þjónustu **bókasafnsins** (79%), **netþjónustu** (80%), og **þríf** í skólanum (83%).

#### **Áhyggjuefni:**

- 28% hafa nýlega hugsað um að hætta í skólanum.
- 37% hafa áhyggjur af fjármálum.
- 31% finna fyrir kviða.
- Viðhorf til reykinga og áfengisneyslu?

#### **Tilfni til umbóta:**

- Kynningar fyrir nýnemar